

14. Hvert atkvæði skiptir máli

En hafa þau öll sama vægi?

Málefni	Borgaravitund, lýðræði
Þyngdarstig	Stig 3
Aldur	10–13 ára
Tími	2 x 60 mínútna lotur
Hópstærð	10–30 börn
Tegund verkefnis	Umræður, áætlanagerð, hermíleikur
Yfirlit	Börnin skipuleggja hvernig taka skal ákvarðanir á lýðræðislegan hátt og halda kosningar samkvæmt einni af áætlunum sínum.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skilja hvað felst í réttmætum og lýðræðislegum kosningum • Að æfa sig í að halda réttmætar kosningar • Að fræðast um hvernig lýðræðislegar kosningar fara fram • Að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að allir taki þátt
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósritaðu stöðublaðið fyrir hvern hóp • Ljósritaðu hlutverkaspjöldin og klipptu þau út
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Stöðublað fyrir hvern hóp • Blað og blýantar fyrir kosningarnar



Leiðbeiningar

1. lota:

- Segðu börnunum að Mannréttindayfirlýsingin tryggi öllum réttinn „til að taka þátt í stjórn lands síns, beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum“ og enn fremur að „vilji þjóðarinnar skuli vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum“ (21. grein). Spyrðu börnin hvað þau haldi um eftirfarandi atriði:
 - Hvað eru „réttmætar“ kosningar?
 - Hvers vegna eiga kosningar að vera leynilegar?
 - Hverjir mega kjósa?
 - Hvaða merkingu hefur það fyrir einhvern að vera „fulltrúi“ þinn?
 - Hvaða skyldum gegnir sá aðili?
 - Nefnið einhverja sem eru fulltrúar fólksins á landsvísu? Í sveitarfélaginu?
- Bentu börnunum á að þó að þau megi ekki kjósa fyrir en þau eru orðin fullorðin, þá geti þau samt tekið þátt í ýmiss konar kosningum um ákvarðanir sem snerta þau. Segðu þeim að ræða um möguleika sína á að fá að velja.
 - Getið þið nefnt aðstæður þar sem þið hafið áhrif eða atkvæðisrétt.
 - Er um „réttmæta“ ákvörðun eða kosningar að ræða?
 - Eru þær leynilegar?
 - Hver fær að ákveða eða kjósa?
 - Hver ákveður um hvern eða hvað er valið eða kosið?
- Útskýrðu fyrir börnunum að í þessu verkefni komið þið upp lýðræðislegum aðferðum við ákvarðanatökur. Skiptu börnunum í hópa (þar sem fjöldi hópa er jöfn tala), fimm eða sex í hverjum hóp. Afhentu hverjum hópi stöðublað og láttu a.m.k. tvo hópa vinna út frá sömu aðstæðum. Gættu þess





- að tveir hópar fái E-stöðuna, sem síðar mun verða notuð í hermíleik. Bentu á spurningarnar neðst á síðunni og útskýrðu öll hugtök sem þar kunna að virka framandi.
- Annar kostur: Láttu alla hópana fá E-stöðuna til að sýna hve margar lausnir eru á sömu aðstæðum, sem og samningaferlið sem er í 5. lið hér aftar.
- Þegar börnin hafa fengið tíma (um 15–20 mínútur) til að undirbúa sig í litlum hópum, skaltu biðja hvern hóp að gera grein fyrir aðstæðum sínum og því ákvarðanaferli sem þau hafa skipulagt út frá þeim. Láttu hópana sem fengu E-stöðuna segja síðast frá. Að hverri kynningu lokinni skaltu biðja börnin að gagnrýna áætlunina:
 - Er hún lýðræðisleg?
 - Hafa allir sem að henni komu fengið möguleika á að segja sitt álit?
 - Er það sanngjarnt?
 - Er það leyndarmál?
 - Vita allir sem kjósa um hvern eða hvað þeir eru að kjósa?
 - Þegar allar aðstæður hafa verið kynntar skaltu biðja börnin að beina athyglinni að stöðu E. Segðu þeim að þau eigi að kjósa um hvað gera skuli við þær aðstæður. En til þess þurfa þau að vera sammála um hvaða leið skuli farin við ákvörðunartökuna. Segðu þeim að bera saman áætlanirnar sem gerðar voru vegna E-stöðunnar:
 - Að hvaða leyti eru áætlanirnar líkar? Eigum við að kjósa um þær sem samkomulag er um?
 - Að hvaða leyti eru þær ólíkar? Hvaða hugmynd mun virka best? Hverja þeirra ættum við að nota?
 - Á meðan börnin eru að velja sér áætlun skaltu skrifa ákvarðanir þeirra á blað, ræða um þær og spyrja spurninga á borð við þessar:
 - Vantar eitthvað í nýju áætlunina okkar um E-stöðuna?
 - Halðið þið að hún verði lýðræðisleg?

2. lota:

- Minntu börnin á 1. lotu og staðreyndirnar í E-stöðunni. Kynntu aftur áætlunina sem gerð var í 1. lotu og segðu þeim að áætlunin þeirra verði prófuð með því að kjósa um E-stöðuna.
- Útbýttu hlutverkaspjöldum og útskýrðu fyrir börnunum hvernig hermíleikurinn fer fram:
 - Kosningastjórinn mun biðja þrjá talsmenn að segja sitt álit.
 - Kosningastjórinn mun síðan biðja áheyrendur að spyrja spurninga og segja einnig álit sitt.
 - Kosningastjórinn spyr síðan hvort allir séu tilbúnir til að greiða atkvæði og útskýrir hvað þarf til að vinna kosningarnar samkvæmt áætlun hópsins (t.d. einfaldan meirihluta, hlutfall atkvæða).
 - Kosningafulltrúinn mun síðan biðja alla að greiða atkvæði, samkvæmt aðferðinni sem hópurinn valdi. Kosningafulltrúinn og kosningastjórinn munu safna saman atkvæðunum og telja þau.
 - Kosningafulltrúinn tilkynnir niðurstöðu atkvæðatalningar. Ef hún er gild tilkynnir kosningastjórinn hver ákvörðun hópsins er. Ef hún er ógild tilkynnir kosningastjórinn að endurtaka þurfi atkvæðagreiðsluna.
 - Ef svo fer útbýr kosningafulltrúinn nýja atkvæðaseðla og ferlið er endurtekið samkvæmt e-liðnum hér fyrir framan.



Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Teljið þið að atkvæðagreiðslan í hermíleiknum hafi verið réttmæt og lýðræðisleg?
 - b. Fannst ykkur þetta verkefni endurspegla raunverulegar aðstæður?
 - c. Hvernig eru ákvarðanir eins og þessi venjulega teknar? Fá börn að hafa skoðun eða val?
 - d. Eru einhverjar ákvarðanir þess eðlis að aðeins fullorðnir geti tekið þær?
 - e. Eru ákvarðanir í ykkar hópi yfirleitt teknar á lýðræðislegan hátt? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - f. Hvað getið þið gert til að tryggja að hópurinn ykkar taki lýðræðislegar ákvarðanir?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
 - a. Hvað er átt við þegar við tölum um „stjórnvöld“?
 - b. Hvaða embætti í sveitarfélaginu ykkar er kosið um? En í landinu?
 - c. Hvernig getur fólk tekið þátt í stjórn landsins án þess að vera kosið í embætti?
 - d. Hve gömul þurfið þið að vera til að mega kjósa?
 - e. Getið þið tekið einhvern þátt í stjórn landsins áður en þið náðið kosningaaldri?
 - f. Hvers vegna haldið þið að rétturinn til að taka þátt í stjórn landsins sé nægilega mikilvægur til að teljast til mannréttinda?
 - g. Hvað myndi gerast ef einhver barnanna í hermíleiknum neituðu að greiða atkvæði? Hvað gerist ef fólk nýtir ekki rétt sinn til að taka þátt í stjórn landsins?
 - h. Hvers vegna er mikilvægt að nýta mannréttindi sín?

Tillögur um framhald

Í verkefninu „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, gefst raunverulegt tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegum umræðum um hvernig hópurinn eigi að hegða sér og greiða atkvæði.

Hugmyndir um aðgerðir

Notaðu hvert tækifæri sem gefst í hópinnunni til að beita lýðræðislegri ákvarðanatöku, hvort sem um er að ræða lítilvæg atriði (t.d. hvers konar snarl skuli borða, hvort leika skuli úti eða inni) eða stærri mál. Börn læra mest um lýðræðislegar aðferðir með því að beita þeim. Þau læra líka á því að vera beðin að gæta þess að allir sem koma að einhverri ákvörðun hafi átt kost á að kynna sér málið.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Einfaldasta leiðin til að vinna þetta tiltölulega flókna verkefni er að láta öll börnin vinna saman að áætlun um C-stöðuna. Þá er öruggt að allir skilji aðstæður og lögð er áhersla á að brýnt sé að gera áætlun sem allir geti fallist á; það er í sjálfu sér mikilvægt lýðræðislegt ferli.
- Veljir þú að nota nokkrar mismunandi stöður skal a.m.k. ein þeirra felast í því að einn aðili sé valinn (staða A og B) og önnur í því að tekin sé ákvörðun um einhverja stefnu (staða D og E). Ákvarðanir um stefnu henta betur til atkvæðagreiðslu því að talsmenn þeirra eru að kynna skoðanir en ekki sig sjálfa sem persónu.
- Í þessu verkefni koma fyrir hugtök sem kunna að vera börnum framandi (t.d. tilnefningar, frambjóðendur, framboðsræður, kappræður, úrslitakosningar, hlutfall atkvæða, atkvæðaseðlar). Þegar börnunum hefur verið skipt í litla hópa skaltu ganga á milli þeirra og gæta þess að þau skilji þessi hugtök. Útskýra mætti fyrir yngstu börnunum að með meirihlutakosningu sé bara átt við „meira en helming atkvæða“ eða „einfaldan meirihluta“.



- Í leiðbeiningunum er lagt til að E-staðan sé aðeins notuð í hermíleik en hægt er að laga hlutverkin að hvaða aðstæðum sem er.
- Finndu upp á öðrum aðstæðum sem byggjast á ákvörðunum sem börnin í hópnum hafa staðið frammi fyrir.
- Ef hópurinn er stór: Fáðu fleiri talsmenn með aðrar skoðanir til að taka þátt í umræðunum.

Breyting

Hægt er að leggja áherslu á atkvæðagreiðsluna með því að bæta við hlutverkum, líkt og sjá má hér fyrir neðan. Lestu lýsingarnar á þeim upphátt í byrjun leiksins og segðu börnunum að velja fyrir sér hvort þessi börn eigi að hafa atkvæðisrétt. Sú ákvörðun gæti í sjálfu sér gefið tilefni til atkvæðagreiðslu.

Hugsanleg hlutverk

- Þú ert sex ára og gengur í fyrsta bekk. Þú ert ekki læs og veist ekki mikið um hina krakkana. Ættir þú að hafa atkvæðisrétt?
- Þú ert þrettán ára og átt við mikla námsörðugleika að stríða. Ættir þú að hafa atkvæðisrétt?
- Þú ert nýflutt(ur) í hverfið og þekkir næstum engan enn þá. Ættir þú að hafa atkvæðisrétt?
- Þú ert hrekkjusvín. Þú hrindir litlu krökkunum á skólalóðinni og reynir að fá vini þína með þér í að upnefna einhverja. Ættir þú að hafa atkvæðisrétt?

EFNI TIL DREIFINGAR: STÖÐUBLAÐ Í 1. LOTU

Staða A:

Skólanum ykkar hefur verið boðið að senda einhvern sem fulltrúa skólans á hátíðardagskrá í ráðhúsinu í tilefni af Heimsdegi barna. Börnin eiga að velja sér fulltrúa til að fara. Það eru 500 nemendur í skólanum. Hvernig ætlið þið að velja fulltrúa á lýðræðislegan hátt?

Staða B:

Það vantar formann í íþróttafélagið. Það eru 60 félagar í því. Hvernig ætlið þið að ákveða á lýðræðislegan hátt hver á að verða formaður?

Staða C:

Nemendur skólans eiga að velja hvaða myndir í teiknisamkeppni hljóta fyrstu, önnur og þriðju verðlaun. 50 myndir bárust. Það eru 300 nemendur í skólanum. Hvernig ætlið þið að velja sigurvegarana á lýðræðislegan hátt?

Staða D:

Nemendur skólans eru að ræða um hvort leyfa eigi farsímanotkun í skólanum. Sumir eru fylgjandi því. Öðrum finnst það truflandi og ósanngarnt gagnvart krökkum sem eiga ekki síma. Skólastjórinn segir að nemendurnir eigi sjálfir að taka ákvörðun um þetta. Það eru 350 nemendur í skólanum. Hvernig er hægt að gera það á lýðræðislegan hátt?

Staða E:

Hópurinn þinn hefur fengið um 50.000 krónur að gjöf. Hópstjórinn segir að taka verði ákvörðun um hvernig þeim skuli varið. Sum börnin vilja halda veislu með góðum mat. Önnur vilja fara í skoðunarferð. Enn önnur vilja kaupa nýja leiki og skraut. Einn vill leggja upphæðina til hliðar sem neyðarsjóð. Annan langar til að keypt verði rafmagnshljómborð. Það eru 30 börn í hópnum. Hvernig ákveðið þið á lýðræðislegan hátt hvernig peningunum skuli varið?



EFNI TIL DREIFINGAR: STÖÐUBLAÐ Í 2. LOTU

Til íhugunar

- Hvernig ákveðið þið um hvað skuli kosið? Verða einhverjar tilnefningar? Ef svo er, hvernig?
- Hve marga frambjóðendur munuð þið hafa? Ætti fjöldinn að vera takmarkaður?
- Hvernig munu allir vita hvern eða hvað er kosið um? Munuð þið biðja fólk að halda framboðsræður eða láta fara fram kapp-ræður?
- Hvernig fer atkvæðagreiðslan fram? Verður hún leynileg?
- Hvernig skerist þið úr um hver ber sigur úr bítum?
- Hvað gerið þið ef aðeins örlítill atkvæðamunur er á milli tveggja frambjóðenda? Munuð þið endurtaka kosningarnar til að skera úr um úrslit? Ætti sigurvegarinn að þurfa að fá tiltekið hlutfall atkvæða (þ.e. meira en 50%)?

Hlutverk í kosningum um stöðu E

Þú ert kosningastjóri. Þú skipuleggur kappræðurnar, útskýrir hvað þarf til að sigra og aðstoðar við talningu atkvæða. Ef kosið er aftur til úrslita skipuleggur þú það einnig.

Þú ert kosningafulltrúinn. Þú útbýrð atkvæðaseðla, skipuleggur kosningarnar, telur atkvæðin og tilkynnir úrslitin. Ef kosið er aftur til úrslita skipuleggur þú það einnig.

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs. Þér finnst að eyða eigi peningunum í stóra veislu. Nefndu einhver rök fyrir því.

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs. Þér finnst að eyða eigi peningunum í nýja leiki og búnað. Nefndu einhver rök fyrir því.

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs. Þér finnst að eyða eigi peningunum í skemmtiferð fyrir öll börnin. Nefndu einhver rök fyrir því.

